

# Uppsagnir vegna covid-19 Hvað skal gera?



Það gilda sömu lög og reglur um uppsagnir nú sem áður:

- ❑ Uppsagnir skulu vera skriflegar.
  - ❑ Uppsagnarbréf skal vera á sama tungumáli og ráðningarsamningur starfsmanns sem á að vera á tungumáli sem hann skilur.
  - ❑ Starfsmaður á rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. (Beiðni um viðtal skal koma fram innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttækin.)
  - ❑ Starfsmaður á rétt á launum skv. ráðningarsamningi út uppsagnarfrest
  - ❑ Vinnuveitanda er óheimilt að nota hlutabótaleið á uppsagnartíma eða að segja starfsmanni upp sem er á hlutabótum, tilgangur hlutabótaleiðar er að viðhalda ráðningasambandi.
-

# Uppsagnarfrestur skv. samningi Eflingar og SA



- ❑ Fyrstu tvær vikurnar í starfi er enginn uppsagnarfrestur.
  - ❑ Eftir tveggja vikna samfelld starf hjá sama atvinnurekanda: 12 dagar.
  - ❑ Eftir 3 mánuði samfelld í starfi hjá sama atvinnurekanda: 1 mánuður m.v. mánaðamót.
  - ❑ Eftir 2 ár samfelld í starfi hjá sama atvinnurekanda: 2 mánuðir m.v. mánaðamót
  - ❑ Eftir 3 ár samfelld í starfi hjá sama atvinnurekanda: 3 mánuðir m.v. mánaðamót.
-

# Uppsagnarfrestur skv. samningi Eflingar og SA



- ❑ Atvinnurekanda ber að greiða áunnið ógreitt orlof og er það oftast gert í lok uppsagnarfrests.
- ❑ Atvinnurekandi þarf einnig að greiða orlofs- og desemberuppbætur í samræmi við starfstíma og starfshlutfall á árinu.



# Uppsagnarvernd



Tilteknir hópar launafólks njóta sérstakrar uppsagnarverndar. Rökstyðja ber uppsagnir þeirra til þess að tryggja að uppsögn beinist ekki að þeim vegna þeirrar sérstöku stöðu sem þeir eru í.

Þetta á við um:

- Trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn
- Barnshafandi konur, foreldrar í fæðingarorlofi og starfsmenn sem tilkynnt hafa um töku fæðingar- og foreldraorlofs
- Starfsmenn sem bera fjölskylduábyrgð



# Uppsögn vegna gjaldþrota fyrirtækis



- ❑ Sé fyrirtæki gjaldþrota skal Ábyrgðarsjóður launa greiða vangoldin laun og gjöld
- ❑ Laun eru þó ekki greidd fyrr en úrskurður um gjaldþrot er staðfestur, sjá hér:

<https://www.vinnumalastofnun.is/abyrgdasjodur-launa>

Ábyrgðarsjóður launa ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrissjóðsiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hefur staðfestu og rekur starfsemi hér á landi.

---

# Atvinnuleysisbætur



- ❑ Það er sótt um bætur á vef Vinnumálastofnunar <https://vinnumalastofnun.is/umsoknir/atvinnuleysisbaetur>
  - ❑ Tekjutenging atvinnuleysisbóta nemur 70% af meðaltali heildarlauna og er miðað við sex mánaða tímabil sem hefst tveimur mánuðum áður en umsækjandi varð atvinnulaus. (að hámarki 456.404,- kr)
  - ❑ Grunnatvinnuleysisbætur eru 289.510 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt.
-

Ef þú ert í vafa hvort uppsögn þín sé réttmæt og hvað ber að gera hafðu þá samband við kjaramál Eflingar

[kjaramál@efling.is](mailto:kjaramal@efling.is)

S. 5107500





